



**Útboð á tíðniheimildum fyrir GSM 1800.
Samráð við hagsmunaaðila**

Samantekt á umsögnum og athugasemdum

Hinn 29. desember 2006 tilkynnti Póst- og fjarskiptastofnun á heimasíðu sinni að til stæði að gefa út tíðniheimildir til starfrækslu tveggja nýrra farsímakerfa samkvæmt stöðlum ETSI og 3GPP varðandi GSM/DCS1800, GPRS og EDGE. Auglýst yrði eftir umsóknum um tíðniheimildir og yrði valið milli umsækjenda á grundvelli skilmála sem fram kæmu í útboðsgögnum sem stofnunin hygðist birta innan skamms.

Í ofangreindri tilkynningu var birt skjal, sem PFS hafði tekið saman um helstu þætti fyrirhugaðs útboðs. Hagsmunaaðilum var boðið að koma að athugasemdum og ábendingum um einstaka liði eða gera almennar athugasemdir. Frestur til þess var veittur til 17. janúar 2007.

Eftirfarandi aðilar sendu inn umsögn: Amitelo AG og 09 Mobile. Í umfjölluninni hér að neðan er fjallað um þá þætti sem gerðar voru athugasemdir við (rammað inn) ásamt viðbrögðum PFS við þeim.

Tilgangur með þessu útboði er að auglýsa eftir umsóknum frá aðilum, sem ekki hafa tíðniheimildir á GSM 1800 tíðnisviðinu. PFS telur að útgáfa tíðniheimilda til nýrra aðila sé til þess fallin að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði hér á landi. Því er ekki gert ráð fyrir að núverandi réttihafar tíðniheimilda fyrir GSM farsímakerfi á Íslandi taki þátt í útboði þessu.

Innkomin athugasemd:

Bent var á að ekki ætti að gera ráð fyrir að núverandi réttihafar GSM 900 tíðnisviðsins tækju þátt í útboðinu.

Viðbrögð PFS:

Þessi athugasemd á ekki við um Ísland, þar sem báðir réttihafar GSM 900 tíðnisviðsins eru einnig með tíðniheimildir á GSM 1800 tíðnisviðinu.

9. Kröfur verða gerðar um að bjóðandi greini frá tæknilegri getu sinni og reynslu.

Innkomin athugasemd:

Bent var á að ekki væri eðlilegt að taka eingöngu eða að mestu leyti tillit til reynslu á sviði GSM farsímakerfa, t.d. vegna þess að auðvelt væri að kaupa slíka sérþekkingu. Jafnframt verði að taka almennt mið af reynslu og árangri umsækjanda á fjarskiptamarkaðnum.

Viðbrögð PFS:

PFS tekur undir þessi sjónarmið.

11. Ef litlu munar á stigum tilboða skv. lið 10, mun PFS við mat á tilboðum taka tillit til annarra þátta, t.d. reynslu og fjárhagsstöðu, sbr. liði 8 og 9.

Innkomin athugasemd:

Bent var á að ekki væri tilgreint hve miklu mætti muna við útreikning á stigum, til þess að litið yrði til annarra þátta við val á umsækjendum, t.d. hvort munur á stigum þyrfti að vera minni en 1%, 5% eða 10%.

Jafnframt kom fram að ekki væri eðlilegt að leggja til grundvallar liði 8 og 9 við slíkt mat, þ.e. kröfur um fjárhagslega stöðu og tæknilega reynslu og getu. Slíka þætti ætti eingöngu að nota sem

lágmarksskilyrði við mat á því, hvort tilboðsgjafi kæmi til greina við úthlutun á tíðniheimild. Að öðrum kosti gæti slíkt falið í sér óeðlilega mismunun gagnvart nýjum aðilum á fjarskiptamarkaði samanborið við fyrirtæki sem hafa starfað mjög lengi á þeim vettvangi.

Lagt er til að í stað framangreindra þátta verði litið til þeirra verðleika og skuldbindinga um þjónustu, sem fram kemur í umsókn. Unnt sé að mæla þetta t.d. með því að bera saman fyrirhugaðar áskriftarleiðir og verðlagningu þeirra út frá fyrirfram gefnum forsendum varðandi notkun þjónustunnar.

Viðbrögð PFS:

PFS mun skilgreina í útboðslýsingu nákvæmlega hve miklu þurfi að muna við útreikning á stigum, til þess að litið verði til annarra þátta við val á umsækjendum.

PFS telur einnig vel koma til álita að líta til annarra þátta en fjárhagslegrar stöðu og tæknilegrar reynslu og getu við mat á tilboðum, þegar fjöldi stiga nægir ekki til þess að velja á milli umsækjenda.

Sú tillaga að meta tilboð á grundvelli þjónustu og verðlagningar á henni er að mati PFS mjög athyglisverð og mun stofnunin íhuga vandlega hvort og þá með hvaða hætti unnt sé að útfæra hana.

Almennar athugasemdir við atriði, sem ekki var fjallað um í umræðuskjalinu

1) Samnýting á aðstöðu og innviðum fjarskipta

Bent var á að ekki væri fjallað í samráðsskjalinu um samnýtingu á aðstöðu og innviðum fjarskipta, t.d. fastasamböndum. Í lið 10 var tekið fram að við mat á útbreiðslu yrði einungis tekið tillit til “eigin nets umsækjanda”, án þess að það væri skilgreint nánar.

Umsagnaraðili gengur út frá því að heimilt sé að samnýta aðstöðu og innviði fjarskipta, t.d. leigulínur. Hins vegar sé ekki unnt að uppfylla útbreiðslukröfur með samningum um innanlandsreiki

Ef PFS leggur annan skilning í “eigið net umsækjanda” er óskað eftir því að það verði skilgreint nákvæmlega í útboðsgögnum.

Viðbrögð PFS:

Með eigin neti er átt við þann búnað, sem notar GSM 1800 tíðnisviðið, sem tíðniheimildin nær til. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði í lögum, þar með talin ákvæði um aðgang og samnýtingu á aðstöðu og leigulínum.

2) Upplýsingar um þá sem hyggjast sækja um tíðniúthlutun

Óskað var eftir því að PFS veitti upplýsingar um þá, sem hefðu greitt umsóknargjöld, til þess að væntanlegir umsækjendur gætu rætt saman um hugsanlega samvinnu áður en umsóknir yrðu lagðar inn.

Viðbrögð PFS:

Umsóknargjöld verða ekki greidd. Hver sem er getur sótt útboðsgögn án endurgjalds á heimasíðu PFS og sent inn umsókn, án þess að tilkynna um það fyrirfram. Við opnun tilboða liggur fyrst fyrir, hverjir sækja um tíðniheimildir. Ekki er því unnt að verða við þessari ósk.

Póst- og fjarskiptastofnun þakkar þeim aðilum sem sendu inn umsögn.